

Náttúrufræði 10.bekkur

Kennsluefni

Bókin *Eðlisfræði 1*

Helstu viðfangsefni



Úr bókinni *Eðlisfræði 1*: Helstu myndir orkunnar; hreyfiorka, stöðuorka, varmaorka, efnaorka, og rafsegulorka. Eðli rafmagns og segulmagns, rafhleðsla, stöðurafmagn, straumur, spenna, og viðnám. Eðli hljóðs, tónar og tónlist. Sameindir og hreyfing, varmi, hiti og varmaflutningur. Veður og vindar, gróðurhúsaáhrif og skýjamyndun. Eiginleikar ljóss, skuggar, speglun og ljósbrot, rafsegulrófið, ósonlagið, geislunarorka og efnaorka.

Einnig verður rifjað upp efni úr eðlis- og efnafræði frá 8.og 9.bekk.

Kennslutilhögun

Fyrirlestrar, umræður, einstaklings- og hópvinna, sýnikennsla, athuganir, tilraunir og upplýsingaöflun, verkefnavinna, og rafrænir miðlar. Auk þess verða sýndar fræðslumyndir.

Námsmat:

Gefin er einkunn í tölum fyrir haustönn. Einkunnin byggir á hugtakakortum 4%, vefverkefnum 4%, sjálfsprófum 15%, heimadæmum 6%, vinnumati eftir verklega tíma 6%, samvinnuprófi 10%, stillingu efnajafna 3%, skilaverkefni 6% og lokahnykk 16% og lokaprófi úr námsefni annarinnar 30%.

Lögð er áhersla á góða samvinnu og samviskusamleg vinnubrögð

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi námið hafið samband við kennara: jonina.omarsdottir@reykjavik.is.

Með von um gott samstarf

Ninna

